

Skýrsla stjórnar Skýrslutækni félags Íslands fyrir starfsárið 2006-2007

Flutt á aðalfundi félagsins 8. febrúar 2007

38. starfsár

Nýliðið starfsár hefur verið viðburðaríkt og gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Skýrslutækni félagsins á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, jafnframt því að reka félagið með hagnaði. Þessi markmið náðust auk þess sem efla tókst faglegt starf félagsins á einstökum fagsviðum, s.s. á sviði fjarskiptamála. Skýrslutækni félagið á nú fulltrúa í nýstofnuðu fjarskiptaráði. Það er því alveg ljóst að félagið er áfram í sókn, ráðstefnur eru vel sóttar, gæði atburða eru góð og rekstrargrundvöllur félagsins er góður og stöðugur.

Fjöldi félagsmanna stóð nokkurn veginn í stað milli ára og eru félagar nú 906 talsins. Það er verkefni nýrrar stjórnar að fjölga félögum enn meira á komandi starfsári. Framundan er stofnun nýs faghóps um fjarskiptamál og hafa þegar um 50 manns skráð sig í hópinn.

Í stjórn Skýrslutækni félags Íslands sátu árið 2006-2007:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
Þorvaldur Jacobsen, varaformaður
Jóhann Kristjánsson, gjaldkeri
Einar H. Reynis, meðstjórnandi og ritari
Ebba Þóra Hvannberg, meðstjórnandi
Eggert Ólafsson, meðstjórnandi
Halldór J. Garðarsson, varamaður
Ólafur Aðalsteinsson, varamaður

Stjórnin hélt 13 bókaða stjórnarfundum auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

1. Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir samtals 20 atburðum á árinu. Haldnar voru átta ráðstefnur og fjórir hádegisverðarfundir ásamt átta fundum sem tengdust faghópastarfi beint. Sjá yfirlit um atburði félagsins í viðauka með þessari skýrslu.

Faghópar voru mjög virkir við ráðstefnu- og fundahald og voru atburðir félagsins yfirleitt vel sóttir. Alls tóku 1536 manns þátt í atburðum félagsins.

2. Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Færri greinar voru birtar á vef félagsins árið 2006 en árið 2005. Það er mikið starf að ritstýra og safna efni í Tölvumál og var sú vinna látin ganga fyrir söfnun greina í vefritið. Tölvumál kom út á pappír í júní 2006 og voru allar greinarnar frumsamdar fyrir blaðið. Nýjasta tölublað Tölvumála hefur verið að berast til félagsmanna undanfarna daga, en það var útgefið nú í lok janúar 2007. Fyrrum formaður ritnefndar og stjórnarmaður Ský, Einar H. Reynis, hefur síðan séð til þess að nýjar fréttir úr upplýsingatæknigeiranum birtast daglega á vef félagsins. Ég vil nota tækifærið og þakka honum sérstaklega fyrir áhuga og frábært starf í þessu efni.

3. Orðanefnd

Á árinu 2005 gaf orðanefnd félagsins út 4. útgáfu af Tölvuorðasafni í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag. Á liðnu starfsári vann orðanefndin ötullega að því að koma þessari auknu og endurbættu útgáfu á vef félagsins. Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2006, opnaði svo Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra vefsíðu Tölvuorðasafns með viðhöfn. Orðanefndin hlaut svo sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu íslensks máls sem veitt var við hátíðlega athöfn í tilefni að Verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar.

4. Faghópar

Faghópar Ský eru:

1. Faghópur um áragursríka vefstjórn, formaður er Gunnar Grímsson, félagar eru 47.
2. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar eru 110.
3. Öldungadeild, formaður er Jóhann Gunnarsson, félagar eru 35.
4. UT-konur, formaður er Ásrún Matthíasdóttir, félagar eru 112

5. ECDL - tölvuökuskírteini

Á liðnu ári voru gefin út 176 ný hæfnisskírteini, en það er 64 skírteinum fleiri en árið á undan. Jafnframt útskrifðust 134 með fullgild ECDL-skírteini (e. European Computer Driving Licence) sem eru einnig fleiri en í fyrra. Prófmíðstöðvar eru nú fimm talsins. Alls hafa verið gefin út 1135 hæfnisskírteini og samtals hafa 695 útskrifast frá upphafi árið 2000. Í stuttu máli má segja að tölvuökuskírteinið hafi gengið vel á árinu. Á árinu var tekin ákvörðun um að nota alþjóðlegt heiti skírteinisins sem er ECDL. Tekin voru í notkun alþjóðlegu skírteinin í kjölfarið og áfram verður unnið að því að uppfæra bæði útlit og kynningarefni í samræmi við alþjóðlegan staðal.

6. Innlent samstarf

Skýrslutækni félagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT, en á ekki lengur fulltrúa í stjórn fagráðsins. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar, í samráðsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins og í nýstofnað fjarskiptaráð samgönguráðuneytisins.

7. Erlent samstarf

Skýrslutækni félag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatækni félaga, bæði á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári, m.a. í tengslum við þróun ECDL. Formaður Ský sótti fund CEPIS í Vín og framkvæmdastjóri félagsins sótti annan af tveimur fundum Nordisk Data Union sem haldinn var í Osló, en þann fund sækja framkvæmdastjórar systurfélaganna á Norðurlöndunum.

8. Afkoma félagsins

Í lok ársins 2006 er hreinn hagnaður félagsins 1.887.730 kr.

Lokaorð

Skýrslutækni félag Íslands er nú 39 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Í mars 2008 verður félagið 40 ára og er við hæfi að minnst þeirra tímamóta á viðeigandi hátt. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Laugavegi 178, þar sem að jafnaði starfa tveir starfsmenn. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Undanfarin misseri hefur starf stjórnar einkennst mjög af stefnumótunarvinnu og viðræðum við þrjú önnur félög á sviði upplýsingatækni um mögulegt samstarf eða samrekstur. Þessi félög eru GS1, IcePro og FUT. Á síðasta ári runnu þessar viðræður að mestu leyti út í sandinn, þótt formlega séð sé þeim ekki lokið. Þegar á reyndi var kom í ljós að að starfsemi FUT verður áfram innan Staðlaráðs Íslands og GS1 og IcePro vilja ekki gera breytingar á húsnæðis- og rekstrarmálum sínum. Ský býr hins vegar að niðurstöðum skoðanakönnunar sem gerð var meðal félagsmanna í byrjun síðasta árs þar sem fram kemur vilji félagsmanna Ský í ýmsum málefnum sem varða félagið. Þessar niðurstöður eru góður efniviður fyrir nýja stjórn til að vinna að eflingu félagsins og framtíðarsýn þess.

Það má segja að nú séu að verða nokkur umskipti og endurnýjun í stjórn félagsins. Nokkrir reynslumiklir stjórnarmenn hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Á hinn bóginn hefur nýtt og efnilegt stjórnarfólk gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins og eru miklar væntingar bundnar við að með því komi nýjar hugmyndir og kraftur sem eflt geti félagið enn meira.

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka þeim Þorvaldi Jacobsen, Ebba Þóru Hvanberg, Halldóri J. Garðarssyni og Ólafi Aðalsteinssyni sem nú hverfa úr stjórninni fyrir ánægjulegt og gott samstarf síðastliðin ár. Þorvaldur hefur starfað í stjórn félagsins um þriggja ára skeið og nú síðastliðið ár sem varaformaður. Ebba Þóra hefur starfað í stjórn félagsins um fjögurra ára skeið og verið fulltrúi félagsins í samstarfsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins. Halldór hefur starfað í stjórn félagsins í eitt ár og hefur jafnframt gegnt starfi ritstjóra Tölvumála síðastliðið ár. Halldór hefur einnig um þriggja ára skeið starfað í ritnefnd Tölvumála.

Kæru Þorvaldur, Ebba, Halldór og Ólafur. Ykkur eru öllum færðar bestu þakkir fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári

F.h. stjórnar Skýrslutækni félags Íslands,

Svana Helen Björnsdóttir, formaður.

Skýrsla stjórnar – viðauki

Árið 2006 var 38. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 906 í lok starfsárs.

Stjórn

Aðalfundur var haldinn 8. febrúar 2005.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2006-2007:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
Þorvaldur Jacobsen, varaformaður
Jóhann Kristjánsson, gjaldkeri
Ebba Þóra Hvannberg, meðstjórnandi
Einar H. Reynis, ritari
Eggert Ólafsson, meðstjórnandi
Ólafur Aðalsteinsson, varamaður
Halldór Jón Garðarsson, varamaður

Haldnir hafa verið 13 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

Fjármál

Tekjur umfram gjöld á árinu voru kr. 1.889.509,- Barði Ingvaldsson endurskoðandi hjá Deloitte hf hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutæknifélagsins, en félagskjörnir endurskoðendur eru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

Útgáfumál

Ritstjórn hélt 13 fundi á starfsárinu. Fjöldi smáfréttu voru birtar á vef félagsins sem eru endurnýjaðar nánast alla virka daga. Tölvumál voru gefin út í júní og var blaðið að þessu sinni helgað nýjum leiðum í fjölmiðlun og afþreyingu. Í blaðinu voru 6 greinar og 7 viðtöl og var það 41 blaðsíður.

Ritstjórn skipa núna:

Halldór Jón Garðarsson
Þorvarður Kári Ólafsson
Guðmundur Pálsson
Jón Heiðar Þorsteinsson

Nefndir

Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður
Örn Kaldalóns
Baldur Jónsson
Þorsteinn Sæmundsson

Siðanefnd:

Erla S. Árnadóttir, formaður
Snorri Agnarsson
Gunnar Linnét

Heimir Sigurðsson, varamaður

Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi Ský:

Eggert Ólafsson
Einar H. Reynis, varamaður

Stjórn Persónuverndar, fulltrúi Ský:

Svana Helen Björnsdóttir
Arnaldur F. Axkjörð, varamaður

Nenfd forsætisráðuneytis um þróun upplýsingasamfélagsins, fulltrúi Ský:

Ebba Þóra Hvanberg

Fjarskiptaráð, fulltrúi Ský:

Sæmundur E. Þorsteinsson

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði og fjórir faghópar.

Ráðstefnur og fundir

1. Heilsdagsráðstefna, UT-dagurinn, haldin 24. janúar, þátttakendur 306.
2. Hádegisverðarfundur, Vefur 2.0 – Ertu tilbúinn? haldinn 2. mars, þátttakendur 131.
3. Hádegisverðarfundur, Framfarir í opinberri þjónustu, haldin 16.mars, þátttakendur 133.
4. Hálf dagsráðstefna, Rafræn sjúkraskrá, haldin 23.mars, þátttakendur 79.
5. Hálf dagsráðstefna, Þjónustuver haldinn 5.maí, þátttakendur 86.
6. Hádegisverðarfundur, Verða gögnin þín enn læsileg árið 2046, haldinn 1.júní , þátttakendur 67.
7. Hádegisverðarfundur um stjórnsýslu, haldinn 29. ágúst, þátttakendur 94.
8. Hálf dagsráðstefna, Í takt við tímann, haldin 28. september, þátttakendur 76.
9. Hálf dagsráðstefna, Tækni á bak við afþreyingu og fjölmiðlun haldin 18. október, þátttakendur 38.
10. Hálf dagsráðstefna, Hugbúnaðarráðstefna Ský, haldin 14. nóvember, þátttakendur 88.
11. Hálf dagsráðstefna, Rafræn lyfjaumsýsla haldin 22. nóvember, þátttakendur 76.
12. Hálf dagsráðstefna, Örar bylgjur haldin 1. desember, þátttakendur 168.

Aðrir fundir sem haldnir voru á vegum félagsins:

13. Fundur á vegum Fókus um notkun strikjamerkja, haldinn 18. janúar 2006, þátttakendur 25.
14. Aðalfundur öldungadeildar Ský, haldinn 19. janúar 2006, þátttakendur 11.
15. Morgunverðarfundur UT-kvenna, haldinn 31. janúar 2006, þátttakendur 30.
16. Félagsfundur öldungadeildar, haldinn 25. apríl 2006, þátttakendur 13.
17. Aðalfundur UT-kvenna, haldinn 26. apríl 2006, þátttakendur 40.
18. Fókus fundur, Snomed, haldinn 17. maí 2006, þátttakendur 40.
19. Félagsfundur öldungadeildar, haldinn 10. október 2006, þátttakendur 10.
20. UT konur voru með skemmtifund og vínkynningu, haldinn 16. október 2006, þátttakendur 25.

Þátttakendur á hefðbundnum fundum og ráðstefnum félagsins voru 1342 talsins á árinu, en ef taldir eru með aðrir fundir þá voru þátttakendur samtals 1536.

Starfsmenn félagsins á árinu 2006 voru Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri og Sóley Jensdóttir á skrifstofu.